



Reykjavík, 15. janúar 2020
SFS2019050099
178. fundur
HG/geb/ah/db

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að byggt verði við Brúarskóla og hann stækkaður

Á fundi borgarstjórnar þann 7. maí 2019 lagði borgarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að byggt verði við Brúarskóla til þess að hann geti stækkað og tekið við fleiri nemendum. Staðsetning Brúarskóla sem er í Vesturhlíð er afar hentug staðsetning fyrir skóla eins og Brúarskóla þar sem staðsetningin er ótengd m.a. íbúðarhverfi og verslunum. Mikil friðsæld er í hverfinu, gott næði til að vinna með börnin en samt stutt í allar áttir. Mikilvægt er að skólinn sé og verði staðsettur á þeim stað sem hann er. Í dag eru 24 börn í skólanum en lagt er til að skólinn verði stækkaður til að geta að minnsta kosti bætt við 6-8 nemendum í viðbót. Núna eru 19 börn á biðlista. Brúarskóli er einn sinnar tegundar. Í honum stunda nám börn sem eiga við djúpstæðan hegðunarvanda að stríða sem rekja má til ólíkra orsaka og raskana. Skólinn er tímabundið úrræði og ávallt er markmiðið að vinna börnin aftur út í heimaskólann. Meðallengd skólavistar er 15-18 mánuðir. Brúarskóli sinnir fleiri hlutverkum og eitt þeirra er ráðgjafahlutverk við aðra skóla. Sérhæft ráðgjafarteymi fer á vettvangi í skóla sé þess óskað. Í Brúarskóla eru 2 þátttökubekkir í tengslum við skólann, annar í Húsaskóla og hinn í Ingunnarskóla og eru samtals 10 börn í þessum bekkjum. Brúarskóli sinnir auk þess kennslu á Stuðlum og BUGL. Skólinn er rekinn af Reykjavíkurborg með stuðningi úr Jöfnunarsjóði.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Á undanförunum árum hefur orðið fjölgun á þeim úrræðum sem skólar hafa getað nýtt fyrir nemendum með margþættan vanda. Þar má nefna farteymin sem hófu starfsemi sína á vorönn 2019. Farteymin hafa tvíþætt hlutverk, annars vegar handleiðslu- og ráðgjafarhlutverk við starfsfólk almennra grunnskóla og hins vegar stuðning og kennslu fyrir nemendum í aðstöðu farteymis. Hegðunarráðgjöfum hefur verið fjölgað í skólaþjónustunni og nýjasta úrræðið er *Brúarbakki* sem er samstarfsverkefni Brúarskóla og Hjólakrafts til að kynna fyrir einstaka nemendum Brúarskóla gildi útivistar og hreyfingar. Auk þess sem í Brúarskóla er starfrækt sérstakt ráðgjafarvið sem allir skólar borgarinnar hafa aðgang að.

Í Brúarskóla eru nú 25 nemendur, auk þess sem það eru 11 nemendur samtals í þátttökubekkjum tveimur. Af þessum nemendum eru 30 með lögheimili í Reykjavík en sex



úr nágrannasveitarfélögunum. Nemendur við BUGL á Dalbraut og á Stuðlum eru ekki skráðir í Brúarskóla heldur í sína heimaskóla þó svo að Brúarskóli sinni kennslu þessara nemenda. Á biðlista eru nú 8 nemendur.

Stjórnendur Brúarskóla telja heppilega stærð skólans í Vesturhlíð vera 30 barna skóla. Miðað við núverandi aðstæður skólans væri möguleiki að fjölga um 1 – 2 nemendur í 9. – 10. bekk, þ.e. nemendur sem væru mögulega í atvinnutengdu námi og því ekki í skólanum alla daga vikunnar. Slíkt þarf þó að meta út frá hópnum hverju sinni, út frá hegðun þeirra sem fyrir eru og þeirra sem eiga umsókn.

Til að fjölga nemendum telja skólastjórnendur Brúarskóla að stækka þurfi húsnæðið og fjölga starfsfólki. Húsnæðið í Vesturhlíð er þegar of lítið og þarfnast mikils viðhalds. Við stækkun væri hægt að taka alla starfseminna sem nú er í Vesturhlíð undir sama þak en í dag er starfsemin í þremur húsum sem gerir öryggisþáttinn mun flóknari í framkvæmd að mati stjórnenda. Erfitt sé að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna þegar starfsmenn eru dreifðir um mörg hús og fáir á hverjum stað til að grípa inn í erfiðar aðstæður. Til að mæta fjölgun nemenda í 30 þyrfti að byggja 400 – 450 m² viðbyggingu vestan megin við aðalbyggingu. Kostnaður við viðbyggingu af þeirri stærð væri um 260 – 315 m.kr. Tekið skal fram að óvissa er um leyfilegt byggingarmagn á lóðinni og einnig er eftir að gera ráð fyrir kostnaði vegna reksturs viðbótarhúsnæðis.

Stjórnendur Brúarskóla telja að ef nemendum skólans væri fjölgað í 30 þyrfti að fjölga um a.m.k. tvo kennara og einn stuðningsfulltrúa. Viðbótarkostnaður við þær stöður væri um 25,5 m.kr. á ári. Með fjölgun nemenda aukast líkur á að fleiri en einn nemandi missi stjórn á hegðum sinni á sama tíma, sem kallar á fleira starfsfólk til að takast á við slíkar aðstæður. Alltaf verði að hafa öryggi nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Einnig telja skólastjórnendur Brúarskóla að fjölga mætti í þátttökubekkjunum um 2 nemendur í hvorum bekk en til þess að það geti orðið þurfi að huga að rýminu sem bekkirnir hafa til umráða og fjölgun starfsfólks.

Þess má geta að um þessar mundir er að fara af stað sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérþarfir, með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra, gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólaþjónustan og sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum.